

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðis við Hástein – nýr byggingarreitur fyrir búningsklefa og skrifstofurými.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 6. nóvember 2024 tillögu að breyttu deiliskipulagi íþróttasvæðis við Hástein vegna stækkunar á Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja með nýjum byggingarreit fyrir búningsklefa og skrifstofurými.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit, Þ3, 15 x 60 m að stærð, á allt að tveim hæðum fyrir búningsklefa og skrifstofurými norðan við fjölnota íþróttasal í vesturhluta íþróttamiðstöðvarinnar.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 20. nóvember 2024,

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 20. nóvember 2024